SAMÞYKKT

um sorphirðu hjá Sauðárkrókskaupstað.

1. gr.

Sauðárkrókskaupstaður annast eða býður út sorphirðu á Sauðárkróki í samræmi við samþykkt þessa. Sorphirða fer fram undir yfirstjórn bæjartæknifræðings og undir eftirliti heilbrigðisfulltrúa.

2. gr.

Sérhverjum eiganda eða umráðamanni íbúðarhúsnæðis á Sauðárkróki er skylt að nota þær aðferðir og þau ílát við sorpgeymslu og hreinsun, sem bæjartæknifræðingur ákveður í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.

3. gr.

Húseigendur skulu kosta kaup sorpgeymsluíláta sinna, uppsetningu og viðhald. Gæta skal þess að fylla ekki sorpílát meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

Sorpgeymslur skulu uppfylla ákvæði byggingar- og heilbrigðisreglugerða. Sorpgeymslur/ílát skulu vera aðgengileg fyrir sorphirðumenn. Húsráðendur skulu hreinsa snjó frá sorpgeymslum/ílátum þegar þörf er á og halda greiðfærri leið að þeim svo auðvelt sé að framkvæma hreinsun.

Í sorpílát má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. allt venjulegt heimilissorp. Óheimilt er að setja í ílátin mold, grjót, byggingarúrgang, garðagróður, gróðurleifar o.þ.h., glóð eða heita ösku.

Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skemmi sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá á annan tryggilegan hátt. Blautt sorp má aðeins setja innpakkað í plast eða pappír í sorpílát.

Spilliefni (umhverfismengandi úrgangur) mega ekki blandast því sorpi sem fer beint til förgunar. Spilliefnum skal skilað á sérstakan móttökustað.

4. gr.

Á gámasvæði bæjarins skal koma með allt sorp, sem ekki fellur undir 3. gr. Brotamálm, t.d. bílhræ skal flytja á afmarkað svæði, í samræmi við fyrirmæli bæjartæknifræðings og heilbrigðisfulltrúa.

5. gr.

Sorphreinsun fer að jafnaði fram einu sinni í viku. Um stórhátíðir skal hreinsa sorp eftir því sem við verður komið og þörf kann að vera á.

6. gr.

Fyrirtækjum og öðrum þeim, sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar en tilgreint er í 5. gr., ber sjálfum að annast og kosta þá sorphirðu. Við flutning einstaklinga og fyrirtækja á sorpi til móttökusvæða skal gæta ítrasta þrifnaðar.

Gjald fyrir þá urðun, sem Sauðárkrókskaupstaður framkvæmir samkvæmt grein þessari, skal birt í sérstakri gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir.

7. gr.

Sorphirða samkvæmt 5. gr. greiðist af bæjarsjóði. Þó er bæjarstjórn heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald, sem umhverfisráðherra staðfestir.

Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign, sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við stærð og fjölda íláta. Sauðárkrókskaupstað er heimilt að takmarka fjölda sorpíláta við hverja fasteign.

Sorphirðugjald er innheimt með fasteignagjöldum ár hvert.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu, skal hann koma slíkri kvörtun til heilbrigðisfulltrúa eða bæjartæknifræðings.

9. gr.

Brjóti húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og/eða geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það bæjartæknifræðingi eða heilbrigðisfulltrúa, sem gera þá viðunandi ráðstafanir til að bætt verði úr.

10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum 32. og 33. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Sauðárkróks er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi þegar í stað.

Umhverfisráðuneytið, 8. febrúar 1995.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

10. febrúar 1995 Nr. 98

REGLUGERÐ

um Póst- og símamálastofnun, skipulag og verkefni.

1. gr.

Póst- og símamálastofnun er sjálfstæð stofnun, sem fer með framkvæmd einkaréttar ríkisins á sviði póst- og fjarskiptamála.

Ennfremur veitir stofnunin almenna póst- og fjarskiptaþjónustu.

2. gr.

Stjórn Póst- og símamálastofnunarinnar er í höndum póst- og símamálastjóra undir yfirstjórn samgönguráðherra.

Hann stjórnar stofnuninni í samræmi við stefnumörkun, sem felst í lögum, reglum og fyrirmælum æðri stjórnvalda.